

STAKSTEINAR

Áfram konur!

Auður í krafti kvenna var frumlegt og áhrifaríkt framtak sem Háskólinn í Reykjavík og fleiri stóðu að, fyrir ekki svo mörgum árum.

Löngu tímabært, myndu margir segja í dag.

Ein glæsilegasta afurð þess framtaks var að öllum líkindum stofnun fjárfestingarfélagsins Auður Kapital, sjóðs sem stofnaður var og rekinn er af konum.



Halla Tómasdóttir

Halla Tómasdóttir er forstjóri Auðar Kapital og virðist hún stýra skútu kvennanna af öryggi og festu.

Ríkisútvarpið var á föstudagsmorgun með stutt en fróðlegt og skemmtilegt viðtal við Höllu, sem féll einkar vel inn í það andrúm sem við öndum í þessa dagana.

Halla lýsti því svo að þær konur sem reka Auður Kapital væru ekki áhættufeltnar, heldur áhættumeðvitaðar.

Hún gerði góða grein fyrir nýyrði, sem ugglaut á eftir að heyrast oft næstu mánuði og misseri, „áhættumeðvitundarleysi“.

Imáli sínu var Halla afskaplega hófstíllt, ekki með neinar árásir á karlana og hún var síður en svo að hvetja til þess að „konur tækju völdin“. Þvert á móti benti hún á að viðskipti, eins og annað í lífinu, gengju best fyrir sig, þegar jafnræði kynja ríkti. Konur hefðu oft ólíka nálgun, miðað við karla, en þörf fyrir beggja nálgun væri jöfn.

Ætli áhættumeðvitund og áhættumeðvitundarleysi séu ekki hið ágætasta hanastél?

